



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson <gunnlaugur@egilsstadir.is>
Re: Deiliskipulag Stuðlagil - Grund - 201810120
Sent: 20-08-2019 14:01:02 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019070045, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019070045

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs, dags. 29. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir hluta af jörð Grundar með áherslu á Stuðlagil og frístundahús.

Í 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda." Umrætt svæði fellur ekki undir þessa lagagrein en næsta svæði á náttúruminjaskrá er svæði nr. 612 „Stuðlafoss, Jökuldalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Stuðlafoss hjá samnefndu eyðibýli á Jökuldal. (2) Sérlega fögur stuðlabergsumgjörð um falleган foss." Telja má nokkuð víst, þó ekki sé verið að fullyrða það hér, að Stuðlagil hafi ekki farið á náttúruminjaskrá á sínum tíma þar sem vatnsmagn var mun meira í Jökulsá á Dal fyrir virkjun og svæðið því ekki eins áberandi og aðgengilegt og nú er. Stuðlagil er hins vegar á náttúrumæraskrá fyrir Austurland, Jökulsárgil, sem Helgi Hallgrímsson tók saman, nr. 9.10.1 sjá hér fyrir neðan. Telja má nokkuð líklegt að lagt verði til að stuðlabergsmyndanir í Stuðlagili verði hluti af endurskoðaðri náttúruminjaskrá skv. lögum um náttúruvernd sem m.a. Náttúrufræðistofnun er að vinna að um þessar mundir.

Eins og kemur fram í greinargerð er full ástæða til að bæta aðstæður við Stuðlagil fyrir ferðamenn vegna aukins álags og gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við þann hluta skipulagsins. Einnig eru settar tillögur að þremur frístundahúsalóðum á skipulagið og gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við staðsetningu þeirra.

Innan skipulagssvæðisins er einnig skógræktarsvæði og nær það að því er virðist langleiðina niður í Stuðlagil og er m.a. milli bílastæðis og þar sem fyrirhugað er að setja upp gönguleiðir og útsýnispall við gilið. Náttúrufræðistofnun hefur talið eðlilegt að halda landslagi á þessu svæði eins óbreyttu og kostur er þannig að það sjáist til gilsins en það ekki lokað af með trám.

Náttúrufræðistofnun leggur almennt til að allt rask á svæðinu verði eins lítið og kostur er enda skipulagið hugsað til þess að vernda svæðið fyrir m.a. ágangi ferðamanna.

Að öðru leiti sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Úr náttúrumæraskrá Fljótsdalshéraðs, <http://vefur.alta.is/nms/?m=t&t1=9&t2=10&t3=0> :

9.10.1 **Stuðlagil Jöklu hjá Grund:** Innan og neðan við bæinn Grund, á um 300 m kafla, er klettagil Jöklu með 20-30 m háum stuðlabergsveggjum beggja vegna. Oftast eru stuðlarnir reglulegir, þráðbeinir og lóðréttir, en sumstaðar bognir og mynda formfagra sveipa. Flestir eru 4-5-kantaðir, þverrákóttir og oftast um 1 m í þvermál. Stuðlagil þetta er frábært sjónarspil og verður að telja með helstu náttúrudjásnum Íslands. Þó er það ennþá lítið þekkt enda sést það ekki af þjóðvegi. Best er að skoða það að austanverðu, því að þar eru gilbakkar mun lægri en að vestan. Hentugast er að ekki sé mikið í ánni, því að þá fer neðsti hluti stuðlanna í kaf. Beint niður af bænum er stapinn *Kerling* á stuðlasökkli í ánni, og mjór stuðlahali norður úr honum, sem stundum fór í kaf að sumarlagi. Um 200 m innar er um 50 m langur kambur að austanverðu, með beinum vegg af lóðréttum stuðlum móti vestri, fágætt náttúrusmið, en erfitt að komast að því til skoðunar. Austan við kambinn er gjálaga hliðargil, með lindalæk og pollum, og stuðlabergi beggja megin. Bessi Aðalsteinsson (1974) telur stuðlabergið vera innskotslag, ættað úr berggangi sem skásker gilið við ármót Eyvindarár, og segir það öfugt segulmagnað. (Stefanía Karlsdóttur: *Stuðlaberg við Jökulsá á Dal*. - Áfangar, 35, 4. hefti 1989.)

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson <gunnlaugur@egilsstadir.is>
Dags: 07/29/2019 06:16:50 PM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: Deiliskipulag Stuðlagil - Grund - 201810120

Sæl/ Sæll

Meðfylgjandi er deiliskipulag Stuðlagils -Grundar óskað er eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands taki skipulagstillögu til umfjöllunar og veit umsögn.

Kveðja

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fljótsdalshérað
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur, ásamt viðhengi, gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál og eru eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 5. Mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar.
Please note that this e-mail and its attachments is intended for the exclusive use of the person or entity to which it is addressed. Any review, disclosure, dissemination or other use of, or taking of any action in reliance upon, this information by others than the intended recipient is prohibited by law. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the message.